

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Vilhjálmi Árnasyni um kostnað heilbrigðiskerfisins af umferðarslysum.

1. *Hversu mörg sjúkrahús eru árlega í notkun í heilbrigðiskerfinu vegna afleiðinga umferðarslysa og hvert er hlutfallið af heildarfjölda rúma?*

Innan heilbrigðisþjónustunnar er megináhersla lögð á skráningu áverka þeirra sem þangað leita vegna slysa. Til að skrá ytri orsakir slyss þarf að skrá sérstakan slysakóða í sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana. Þar sem það hefur ekki verið gert um landið allt liggja orsakir innlagna vegna slysa ekki fyrir á landsvísu. Slyshadeildir Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri hafa hins vegar skráð sérstaka slysakóða.

Á árunum 2013, 2014 og 2015 var meðallegutími vegna afleiðinga umferðarslysa 7,3 dagar á þessum tveimur sjúkrahúsum sem samsvarar að meðaltali 2,2 rýmum á Landspítala allt árið síðastliðin þrjú ár og 0,2 rýmum á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Það samsvarar 0,3% af heildarfjölda sjúkrarýma á Landspítala og 0,2% á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

2. *Hvernig er hlutfallsleg skipting sjúklinga á spítölum eftir*

- afleiðingum umferðarslysa,*
- afleiðingum annarra slysa,*
- helstu sjúkdómum,*
- öðrum ástæðum?*

Svar við a-lið.

Komur og innlagnir samtals vegna umferðarslysa samsvara 8% af komum og innlögnum á Landspítala og 1,3% af komum og innlögnum á Sjúkrahúsið á Akureyri.

Komur eftir umferðarslys og hlutfall þeirra af innlögnum á bráðadeild/móttöku Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri árið 2015.

	Komur án innlagna eftir umferðarslys	Innlagnir eftir umferðarslys	Hlutfall umferðarslysa af heildarbráðakomum
Landspítali	2.377	106	8%
Sjúkrahúsið á Akureyri	197	17	1,3%
Samtals	2.574	123	

Svar við b-lið.

Komur og innlagnir samtals vegna annarra slysa svara til 84% af komum og innlögnum á bráðadeild Landspítala og 22% af komum og innlögnum á Sjúkrahúsið á Akureyri.

**Komur og hlutfall vegna annarra slysa á bráðadeild/móttöku
LSH og SAK árið 2015.**

	Komur vegna annarra slysa	Innlagnir vegna annarra slysa	Hlutfall annarra slysa af heildarbráðakomum ¹
Landspítali	24.702	1.340	84%
Sjúkrahúsið á Akureyri	3.716	216	22%
Samtals	28.418	1.556	

Svar við c-lið.

Í töflunni má sjá hlutfall fimm algengustu sjúkdómaflokka sem eru ástæða innlagnar sjúklinga á öllum sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum landsins og hlutfall í hverjum flokki (þungun, barnsburður og sængurlega ekki tekin með). Tölurnar eru fyrir árið 2014.

Helstu sjúkdómaflokkar við innlögn og hlutfall þeirra af heild árið 2014.

Sjúkdómar í blóðrásarkerfi	13,0%
Æxli	11,5%
Geð- og atferlisraskanir	10,2%
Áverki, eitrun og aðrar tiltekna afleiðingar ytri orsaka	9,7%
Sjúkdómar í meltingarfærum	8,9%
Samtals hlutfall af heildarlegum	53,3%

Svar við d-lið.

Helsta ástæða fyrir legu sjúklinga á sjúkrahúsum eða heilbrigðisstofnunum fyrir utan sjúkdóma og slys eru bið eftir færni- og heilsumati og bið eftir varanlegu úrræði þegar það mat liggur fyrir.

3. Hve margir eru að jafnaði á endurhæfingardeildum vegna umferðarslysa og hvert er hlutfall þeirra af heildarfjölda á endurhæfingardeildum?

Á Landspítalanum voru alls 19 einstaklingar skráðir á endurhæfingardeild spítalans vegna afleiðinga umferðarslysa árið 2015 eða 1%. Þeir voru ýmist lagðir inn á deild eða komu í dagdeildar- eða í göngudeildarmeðferð.

Á Sjúkrahúsinu á Akureyri hafa nær engir sjúklingar verið lagðir inn á endurhæfingardeild vegna umferðarslysa síðastliðin ár. Þeir sjúklingar sem lenda í alvarlegum umferðarslysum eru sendir á Landspítalann og fá yfirleitt endurhæfingu þar.

Á Reykjalundi hafa á árabílinu 2010–2015 komið 90–100 sjúklingar á ári til endurhæfingar í kjölfar umferðarslysa. Það svarar til 10% af heildarfjölda sjúklinga sem koma til meðferðar á Reykjalundi árlega. Á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði liggja ekki fyrir upplýsingar um hlutfall sjúklinga sem koma vegna afleiðinga umferðarslysa.

4. Hve margir fara árlega á örorkubætur vegna umferðarslysa og hvert er hlutfallið af heildarfjölda þeirra sem fara á örorkubætur?

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun eru umferðarslys ekki sérstaklega skráð sem orsök fyrir örorku og því er ekki hægt að nálgast tölur um fjölda þeirra sem fara árlega

¹ Kostnaður við umferðarslys á Íslandi árið 2009. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Skýrsla nr. C12:04, desember 2012.

á örorkubætur án þess að skoða hvert mál fyrir sig. Auk þess er það ekki þannig að allir örorkuþegar sem hafa lent í umferðarslysi séu öryrkjar vegna slyssins. Við örorkumat er færniskerðing vegna sjúkdóma eða slysa metin en ekki er alltaf hægt að greina áhrif einstakra örorkuvalda til færniskerðingarinnar. Því hefur Tryggingastofnun hvorki haldbærar tölur um fjölda þeirra sem fara á örorkubætur eingöngu vegna umferðarslysa né hlutfall þeirra af heildarfjölda örorkuþega vegna umferðarslysa.

5. Hvað kosta umferðarslys heilbrigðiskerfið árlega?

Velferðarráðuneytið hefur ekki tekið slíkar upplýsingar saman en benda má á tvær skýrslur um málið. Í skýrslu frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands árið 2012² var reiknað út að kostnaður heilbrigðiskerfisins vegna umferðarslysa árið 2009 hefði verið 700 millj. kr. eða sem svarar til 930 millj. kr. á núverandi verðlagi. Í nýrri skýrslu frá 2014³ er áætlaður heildarkostnaður á verðlagi 2013 vegna umferðarslysa 48.486 millj. kr fyrir árið 2015 ef undan eru skilin óhöpp án meiðsla. Sjúkrakostnaður er ekki skilgreindur sérstaklega í þeim tölum en ályktað er í skýrslunni að sjúkrakostnaðurinn sé líklega metinn allt of lágur í tölum Hagfræðistofnunar HÍ.

Vísað er til umræddra skýrslna til frekari upplýsinga um þetta atriði.

6. Hvað kostar hvert banaslys og alvarlegt slys heilbrigðiskerfið?

Samkvæmt útreikningum í fyrrnefndri skýrslu frá 2014 á heildarkostnaði við hverja tegund slysa er kostnaðurinn 659,6 millj. kr. fyrir hvert banaslys og 86,4 millj. kr. fyrir hvert alvarlegt slys. Sjúkrakostnaði hefur ekki verið haldið aðskildum sérstaklega fyrir þessi slys.

² Sama heimild.

³ Kostnaður umferðarslysa. Haraldur Sigþórsson og Vilhjálmur Hilmarsson. Rannsóknarverkefni við Háskólann í Reykjavík, maí 2014.